Námsferð leikskólans Sólborgar til Stokkhólms í Svíþjóð



Leikskólinn Sólborg

22-26.apríl 2015

Formáli

Haustið 2013 var ákveðið að safna fyrir námsferð erlendis. Eftir því sem tíminn leið var svo komið að því að velja sér stað til þess að fara á. Eftir góða atkvæðagreiðslu varð Stokkhólmur í Svíþjóð fyrir valinu. Við í leikskólanum Sólborg á Ísafirði störfum í anda Reggio Emilia, en uppruni þeirrar stefnu kemur frá Ítalíu og var því ákveðið að finna leikskóla sem starfar eftir þeirri stefnu. Ferðanefndin settist svo niður og gerði góða dagskrá fyrir okkur þessa daga sem við vorum úti og verður henni gerð frekari skil.

Ferðin

Þriðjudagur 21.apríl

Lagt var af stað í ferðina frá Ísafirði þann 21.apríl, spennan, eftirvæntingin og tilhlökkunin var mikil og erfitt var að einbeita sér að störfum þennan dag. Eftir lokun leikskóla var hópað saman í bíla og vorum við komnar til Keflavíkur seint að kvöldi. það voru því 21 starfsmenn Sólborgar sem lögðust til hvíldar, þreyttar en spenntar fyrir komandi dögum.

Miðvikudagur 22.apríl

Brottfarardagur. Lagt var af stað á Keflavíkurflugvöll kl 05 að morgni og vorum við lentar í Stokkhólmi kl 12:30 að staðartíma. Þá var ekkert um annað að ræða en að koma sér fyrir á hótelinu og kanna aðstæður í borginni sem voru til fyrirmyndar og ekki skemmdi fyrir sænska vorið.

Fimmtudagur 23.apríl

Fyrri námsdagur. Skoðaðir voru 2 leikskólar í Salem sem er í úthverfi Stokkhólms. Leikskólarnir heita Sysslagsgarden og Galaxy og eru þeir báðir Reggio Emiliar miðaðir. Sami leikskólastjóri er yfir báðum leikskólum og hefur hún einnig 8 aðra leikskóla í sinni umsjón.

Sysslagarden förskolen

Okkur var skipt niður í hópa þannig að upplifunin af leikskólanum væri sem best og við gætum skoðað allt í ró og næði vel og vandlega. Þetta er 6 deilda leikskóli þar sem eru 110 börn og 20 kennarar Leikskólinn er mjög vel skipulagður og leiksvæðum er skipt í litlar einingar inn á hverri deild þar sem allt var í hæð barnanna. Leikföngin áttu sinn stað og voru kyrr þar sem þau voru, þ.e. það var ekki mikið flakk á dótinu og börnin virtust læra það mjög snemma að bera virðingu fyrir dótinu. Skipulag var mjög sýnilegt og börnum er skipt vel niður á milli svæða þar sem þau geta leikið sér í skipulögðu eða óskipulögðu starfi. Þó svo að leikskólinn væri ekki stór þá virtist allt vera mjög vel skipulagt og mjög mikið unnið í anda Reggio, litríkt og fallega unnið starf. Spilaborð, þetta spil fékk að vera á sínum stað og átti heima á þessu borði.



Dagsskipulag. Hér er stórt og gott dagskipulag í hæð barnanna.



Til þess að nýta plássið enn frekar var mikið um það að ýmsar plötur m.a. legó, pinna,stafa og kubbaplötur voru hengdar upp á skilrúm til þess að nýta plássið sem best, í leiðinni var verið að gera skilrúm til þess að hægt væri að skipta börnunum sem best niður.



Vel skipulagður leikkrókur í björtu og fallegu umhverfi.



Litirnir fengu að vera kyrrir á borðunum og var búið að líma krukkur fastar á snúningsplatta.



Læsi var vel sýnilegt í leikskólanum á öllum deildum.



Allt var mjög vel sýnilegt og í hæð barnanna





Falleg bókahilla á snúningsfæti var við hliðina á bókahorninu, börnin gátu séð bækurnar vel.



Sameiginlegur matsalur var í miðju leikskólans þar sem hver og ein deild skiptist á að koma í mat þ.e. rúllandi matartími. Þar er allt í hæð barnanna og ganga þau sjálf frá diskunum sínum eftir matinn. Róleg tónlist er einnig í hávegum höfð til þess að skapa rólegt andrúmsloft yfir matartímanum.







Útisvæðið var mjög skemmtilegt, stórt og gott og virtust börnin ekki skorta neitt á útisvæðinu.











Í einu stóru skoti úti í miðju leikskólans var flott smíðaverkstæði og svæði fyrir börnin til að athafna sig við smíðar og ýmsa vinnu tengda því.








Galaxian förskole

Galaxian er 96 barna leikskóli þar sem starfandi eru 9 leikskólakennarar og 6 leiðbeinendur. Börnunum er skipt niður í 2 deildir. Barnaleiksvæðið er mjög opið en samt vel skipulagt. Hátt er til lofts í miðju en svo skiptist svæðið í lítil herbergi út frá miðjunni, en miðjan svokallaða kalla þau Torgið. Á torginu er matsalurinn og nokkur leiksvæði þar sem börnin getu leikið sér við ýmsa iðju en svæðunum er skipt upp með skilrúmum. Sjá myndir.

Við einn vegg á torginu er bátur. Hægt er að loka því að fara upp á efri hæðir ef lítil börn eru að leika sér en hin eldri geta farið efst upp.



Risastór SMART skjár er í einu horni Torgsins þar sem hægt er að varpa bæði úr tölvu og börnin gátu komið við skjáinn með höndunum sínum og skapað.



Matsalurinn var opinn og gengu börnin sjálf frá matnum eftir sig.



Í einu herberjanna voru stólar og borð út í horni með engu skipulögðu á. Þarna gafst börnum færi á að sækja sér það sem þau vildu og fá að vera í næði.





Skráningar barna voru vel sýnilegar og mikið í myndum.



Eitt herberjanna var listherbergi. Þar fengu börnin að njóta sín í því að skapa.



Föndurkrókur í einu horni torgsins. Börn gátu þar litað og föndrað.



Föstudagur 24.apríl.

Seinni námsdaginn fórum við á Tom Tit safnið og Tom Tit leikskóla.

Safnið: Tom Tit er gríðarstórt safn fyrir fólk á öllum aldri þar sem tækni og vísindi gera stórkostlega hluti. Safnið er uppfullt af tilraunum fyrir fólk til þess að prufa og þarna koma mikið af hópum saman til þess að skoða og upplifa. sjá myndir

Byrjað var á því að fá kynningu frá einum starfsmanni safnsins þar sem hún gerði ýmsar tilraunir og skemmtilegheit áður en haldið var inn í safnið þar sem við fengum leiðsögn áður en okkur var gefinn frjáls tími.



Frjáls tími var á safninu í nokkrar klukkustundir þar sem ýmsar þrautir og tilraunir voru gerðar og hafði starfsfólk mjög gaman að og má segja að fólk hafið fundið barnið í sjálfum sér










Tom Tit leikskólinn:


Tom Tit er (00) barna leikskóli þar sem starfandi eru (00) leikskólakennarar og (00) leiðbeinendur. Börnunum er skipt niður í (00) deildir.

Þegar kemur að því að skipuleggja fyrir börnin er þessir þættir hafðir í huga
Meginreglur þegar unnið er að skipulagi fyrir börnin :

- Kennarar finna sér tíma sjálfir til undirbúa starfið.
- Að börnin hafi val og fá að velja sjálf.
- Sameiginleg ábyrgð kennara.
- Mikið frelsi til að velja.
- Stöðvar/ verkefnavinna / hópar.
- Matur og aðrar daglegar venjur.



Leikskólinn er mjög opin og bjartur, stórir gluggar, vítt til veggja og allir krókar og kimar nýttir fyrir börnin. Eldhúsið er aðeins lítil krókur í alrími skólans, þar sem aðeins er tekið á móti aðkeyptum mat og nónhressing er útbúin.



Mikið er um allskonar snögum til að hengja upp og fataklefanum. Gott aðgengi og góðar lausnir í litlu rími.



Krókar á stöng sem er hægt að hækka og lækka á víxl.



Mikið er lagt upp út sköpun bæði í og fyrir utan listakrók. Efnisveitan er með mjög skapandi efnivið bæði endurvinnanlegt og annað dót sem fellur til frá ýmsum fyrirtækjum og velunnurum leikskólans. hann er einnig notaður til að borða nesti. Börnin borða einnig við borðin í listakrók. Listamaður kemur til að hjálpa til og aðstoða börn og starfsfólk.



Mikið er lagt upp út rýmisgreind og stærðfræði í Tom Tits og þar koma kubbarnir sterkt inn.

Kubbarnir í leikskólanum eru af mismunandi gerðum og stærðum. Kubbar sem eru mismunandi á litinn, flokkaðir eftir litum í sér box. Tiltektin er í formi leikja þar sem börnin flokka kubbana.



Borðplata á snúningsfæti sem er vinnusvæði barnanna, þetta er get til að börnin geti fundi svæði þar sem þau geta byggt án þess að eiga hættu á að aðrir rekist í.



Kubbaplata sem er verið að byggja á og er verið að geyma til næsta dags til að leika með. Búið er að útbúa band í talíu og geymt í loftinu, þannig að hægt er að geyma án þess að taka gólfpláss eða hillupláss.



Einingarkubbar eru einnig á kubbasvæðinu og það má nota það með öllum öðrum efnivið sem er á svæðinu.



Verk barnanna eru til sýnis og hanga í loftinu.



Lista verk af öllum stærðum og gerðum



Leikskólinn leggur mikla áherslu á umhverfismál og flokkar mjög mikið. Það eru tunnur á mjög áberandi stöðum og vel merktar þannig að það ætti ekki að fara framhjá neinum hvernig það á að flokka rusl.





Heimatilbúinn skóbursti



Flokkun á rusli



Leikföng hanga á grindverk skólans



Heimatilbúin þrautabraut





Bálstæði er á ýmsum stöðum á lóðinni og eru þau mjög mikið notuð, börnin safna greinum og afsagi þegar er verið að grisja skóginn til að búa til skjól

Að lokum:

Starfsfólk leikskólans var mjög ánægt með ferðina og þótti hún heppnaðist í alla staði. Við vorum einstaklega heppin, allir tóku vel á móti okkur, allar ferðir og tímasetningar gengu upp. Fólk var mjög jákvætt og staðráðin í að nýta ferðina til hið ýtrasta. Hvort sem það var að skoða leikskóla og taka inn nýjar hugmyndir, efla félagsandann eða soga inn þá sögu og menningu þjóðarinnar. Að lokum viljum við koma á framfæri sérstökum þökkum til Gerðar Einarsdóttur deildarstjóra, Kristjönu Valgeirsdóttir deildarstjóra og Kolbrúnu Fjólu Arnardóttir starfsmanni fyrir það að skipuleggja ferðina og bera hitan og þungan á námskeiðsferðinni

Eftirmáli:

Því miður var veður óhagstætt fyrir ferðalög innanlands þegar við lentum í Keflavík þannig aðferðin vestur gekk ekki sem skildi. Búið var að ákveða að fara heim landleiðina strax eftir flug. Var það bæði vegna þess að flug til Ísafjarðar passaði ekki við flugið frá Svíþjóð og einnig vegna þess að flugið er mjög ótryggt á þessum árstíma. Engan grunaði þó að það yrði margra metra há snjóþekja yfir öllu landinu í apríl og að veðrið yrði svo slæmt að Steingrímsfjarðarheiði yrði lokuð.

Þegar við komum til Keflavíkur og sáum hver staðana var, var allar ráðstafanir gerðar og reynt að gera eins gott út stöðinni og hægt var. Haft var samban við það starfsfólk sem var til staðar og það beiði að taka á móti þeim börnum sem alls ekki höfðu önnur úrræði. Það var sendur tölvupóstur til allra foreldra og þeim sagt hver staðan væri og hvaða úrræði væru, ef foreldrar væru í stökustu vandræðum, sviðstjóri skólamála sem var í frí var látin vita um málið og haft var samband við bæjarstjóri og ráðfærst við hann. Einnig var haft samband við formann foreldrafélagsins. Á þeim tímapunkti höfðu allir þessir aðilar fullan skilning á þessum vandræðum. Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem hlaust af þessu, en þar sem við búum við þessar veður aðstæður verðum við að hafa umburðarlindi gagnvart því.

Sólveig Erlingsdóttir, Randí Guðmundsdóttir og Jensína K. Jensdóttir tóku skýrsluna saman.